



Ársskýrsla 2022

Inngangur

Menntaskólinn á Tröllaskaga hóf starfsemi sína haustið 2010. Hér er gerð grein fyrir nokkrum meginþáttum í starfi skólans á starfsárinu 2022. Fjallað er um skólastarfið, árangur af markmiðasetningu í stefnumótaðri áætlun 2021-2023, áhersluverkefni og ávinning þeirra ásamt fjárhagslegri afkomu ársins 2022.

Almenn starfsemi

Kennsla á vorönn 2022 hófst 5. janúar og var 491 nemandi skráður í skólann á átta námsbrautum. Í maí útskrifuðust 38 nemendur, 11 af félags- og hugvísindabraut, 1 af íþrótt- og útivistarbraut, 7 af náttúruvísindabraut (þar af 3 einnig útskrifaðir af listabraut), 9 af listabraut, 8 af kjörnámsbraut og 5 með viðbótarnám til stúdentsprófs að loknu starfsnámi. Á haustönn 2022 hófst kennsla 18. ágúst og voru 479 nemendur skráðir í skólann. Þrjátíu nemendur útskrifuðust í desember, 12 af félags- og hugvísindabraut, 1 af listabraut, 11 af kjörnámsbraut, 1 af náttúruvísindabraut, 3 með viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum.

Meðalnámstími þeirra nemenda sem útskrifuðust frá skólanum á árinu 2022 og höfðu innritast beint úr grunnskóla (10), var 3 ár allir útskrifuðust á tilskildum tíma (eftir 6-7 annir). Aðrir nemendur komu með feril úr öðrum skólum og voru flestir í fjarnámi og hafa því tekið sér mislangan tíma til að ljúka námi. Starfsbrautarnemar eru alltaf 4 ár í námi eins og námsbrautin gerir ráð fyrir.

<i>Fjöldi</i>	<i>Vorönn 2022</i>	<i>Haustönn 2022</i>
Nemendur	530	487
Dagskóli	62	66
Fjarnám	468	421
Karlar	211	203
Konur	319	284
Útskrifaðir	38	30
<i>Búseta</i>	<i>Vorönn 2022</i>	<i>Haustönn 2022</i>
Dalvíkurbyggð	3%	2%
Fjallabyggð	11%	11%
Aðrir staðir	86%	87%
Alls	100%	100%
<i>Aldursskipting</i>	<i>Vorönn 2022</i>	<i>Haustönn 2022</i>
15-20 ára	29%	34%
21-25 ára	39%	34%
26-	32%	32%
Alls	100%	100%

Enn fjölgaði nemendum og hafa þeir aldrei verið fleiri en á árinu 2022. Dagskólanemum fækkaði milli ára meðan fjarnemum fjölgar jafnt og þétt og er það þróun sem hefur verið undanfarnar annir. Árgangar á upptökusvæði eru fámennir og kemur það fram í fækkun umsókna í dagskóla. Ásókn í fjarnám við skólann er mikil. Líkt og síðustu ár eru konur meirihluti nemenda (59%). Árið áður var hlutfall þeirra heldur hærra eða 63,5%. Þegar

kemur að búsetu heldur sú þróun áfram sem hófst árið 2015. Þá var meirihluti nemenda búsettur utan Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar og eykst sá munur með fjölgun fjarnema. Aldursdreifing nemenda er svipuð og árið á undan. Um 33% nemenda er á aldrinum 15-20 ára.

Brottfall

Ef brottfall er skilgreint sem mismunur á nemendum sem sannarlega hefja nám og þeirra sem skila sér til prófs var meðalbrottfall á árinu 2022 10% sem er 2% hærra en árið áður. Brottfallið er því komið aðeins yfir viðmiðunarmörk sem skólinn hefur sett sér sem eru 8%.

Nám

Námsframboð

Menntaskólinn á Tröllaskaga starfar eftir nýjum framhaldsskólalögum frá 2008. Stúdentspróf við skólann er 200 einingar.

Við MTR eru eftirtaldar námsbrautir virkar og í boði:

- Félags- og hugvísindabraut
- Íþrótt- og útivistarbraut
 - íþróttasvið
- Listabraut
 - myndlistarsvið
 - listljósmyndunarsvið
 - tónlistarsvið
- Náttúruvísindabraut
- Kjörnámsbraut
- Grunnmenntabraut
- Starfsbraut
- Stúdentsbraut að loknu starfsnámi

Allar námsbrautir byggjast upp á sama kjarna, sérhæfingu, bundnu vali og frjálsum vali, svið innan brauta hafa þar að auki sérhæfingu. Frjálssa valið nýtist til enn frekari sérhæfingar til undirbúnings frekara náms eða til að stunda nám á öðrum brautum eftir áhugasviði sínu. Undanskilið þessu er stúdentspróf af starfsnámsbrautum.

Skipting nemenda á námsbrautir

Braut	Vorönn 2022	Haustönn 2022
Félags- og hugvísindabraut	183	171
Íþrótt- og útivistarbraut	40	41
Listabraut	55	49
Náttúruvísindabraut	69	39
Kjörnámsbraut	130	133
Grunnmenntabraut	37	31
Starfsbraut	5	5

Kennsla og stjórnun

Auk skólameistara starfa við skólann:

- aðstoðarskólameistari/áfangastjóri í 100%
- fjármálastjóri í 25% starfi (kenndi 75%)
- námsráðgjafi 85% (kenndi 25%)
- fagumsjón starfsbrautar 25% (kenndi 75%)
- umsjónarmaður fasteignar, tækja, tölvukerfis og ljósmyndastúdíós í 100% starfi
- starfsmenn sem sjá um skrifstofu, bókasafn og þrif í 180% starfi (2x90%)
- einn stuðningsfulltrúi (80%)
- iðjubjálfi í 50% starfi á starfsbraut á vorönn og kenndi 50%
- þroskabjálfi í 50% starfi á starfsbraut
- kennarar skólans voru 21 á vorönn 2022 og 19 á haustönn 2022
- Heildarstöðugildi kennara á árinu 2022 voru 18.
- Starfsfólk við skólann var 27 á báðum önnum í 23,3 stöðugildum.
- Allir fastir kennarar eru með kennsluréttindi og langflestir með framhaldsnám. Kynjahlutfall starfsfólks var 71% konur og 29% karlar.

Kennsluhættir og námsmat

Menntaskólinn á Tröllaskaga er dreifnámsskóli með áfangakerfi. Fyrirkomulag námsins gerir nemendum kleift að ljúka stúdentsprófi á þremur til þremur og hálfu ári.

- Allir nemendur skólans eru með eigin fartölvur sem tengdar eru neti skólans.
- Skólinn býður upp á tæki til rannsókna, sýndarveruleika, ljósmyndunar og tónlistariðkunar og upptöku.
- Skólinn notar fjölbreyttan hugbúnað í starfi sínu eða um 150 forrit í námi og kennslu en einnig almennan skrifstofuhugbúnað.
- Haldið er utan um allt námsefni og kennslu í kennslukerfinu Moodle.
- Námið er skipulagt í vikulöngum lotum og fá nemendur reglulega endurgjöf á verkefni sín og frammistöðu.
- Í skólanum er viðhöfð vendikennsla með fjölbreyttum kennsluaðferðum í sífelldri þróun
- Miðannarvika, skólastarfið er brotið upp eina viku um miðja önn.
- Námsmat er símat og engir formlegir prófadagar.
- Sérkenni í kjarna námsbrauta eru frumkvöðlafræði, listir og upplýsingatækni með aðferðafræði dreifmenntar.

Allt námsefni, utan kennslubóka, er í kennslukerfi skólans ásamt verkefnum og öðrum upplýsingum. Á sama hátt er öllum verkefnum sem við á, skilað í sama kennslukerfi. Miðað er við að nemandinn ljúki námi í skólanum á samfelldum vinnudegi þar sem námið skiptist í nám undir verkstjórn kennara, sjálfstætt nám með aðgengi að námsaðstoð eða fjarnám. Við skólann eru viðhafðar fjölbreyttar námsmatsaðferðir í formi leiðsagnar- og símats.

Um miðja önn er skólastarfið brotið upp og nemendur fara í styttri áfanga í ýmsum greinum. Þar eru áfangar í íþróttum og útivist, listum og bóklegir áfangar. Markmiðið er að auka val nemenda í fámennum skóla en hægt er að fá kennara tímabundið til kennslu í viku sem ekki gætu kennt heila önn í Ólafsfirði. Markmiðið er einnig að hafa svigrúm til samstarfs við fyrirtæki, stofnanir og aðra skóla.

Frekari upplýsingar má sá í þessari grein um Tröllaskagamódelið:

<https://skolathraedir.is/2021/03/09/trollaskagamodelid-nam-og-kennsla-i-menntaskolanum-a-trollaskaga/>

Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2022-2024

Í stefnuskjali skólans vegna stefnumiðaðrar áætlunar til þriggja ára 2022-2024 voru sett fram 3 markmið vegna **kjarnastarfsemi** skólans.

Kjarnastarfsemi						
A						
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024
A1	Aðgerðir í umhverfismálum	13.3 12.3 12.5	Mælt með könnunum og kennsluefni	Greinargerð	2 fánum náð	3 fánum náð
	Mælanleg markmið tengjast Grænfánaverkefninu: https://graenfaninn.lan dvernd.is	12.6				
Tengist markmiði málaflokks						
<p>HM 13.3 Menntun verði aukin til að vekja fólk til meðvitundar um hvernig mannaúður og stofnanir geta haft áhrif og brugðist við loftslagsbreytingum, þar á meðal með snemmbúnum viðbúnaði og viðvörðunum.</p> <p>HM 12.3 Eigi síðar en árið 2030 hafi soun matvæla á smásöluverkaði og hjá neytendum minnkað um helming á hvern einstakling um heim allan. Nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum verði bætt, þ.m.t. við uppskeru.</p> <p>HM 12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr soun.</p> <p>HM 12.6 Fyrirtæki, einkum stór og alþjóðleg fyrirtæki, verði hvött til þess að innleiða sjálfbæra þróun í starfsemi sína og veita upplýsingar um sjálfbærni í skýrslum sem gefnar eru út á þeirra vegum.</p>						
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Staða 2022
A1.1	Draga úr neyslu og úrgangi með fræðslu og þátttöku nemenda				2021	Tókst
A1.2	Stuðla að hnattrænu jafnræði með fræðslu og þátttöku nemenda				2022	Tókst
A1.3	Umhverfisráð, námsáfangar, kennsluefni, sýnileg í samfélaginu				2020	Tókst

Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2022
A2	Unesco skóli	4.3 4.5 5.1 5.5	Umsókn	Umsókn send	Óafgreitt	Samþykkt
			Unesco viðburðir	Fréttir á heimasíðu	Ekki hafið	2 alþjóðadagar - tókst
			Áfangar, námsþættir, erl. samstarf	Áfangaframboð skóla - skólanámskrá	Ekki hafið	Verkefni hafið - tókst

Tengist markmiði málaflokks

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Staða 2022
A2.1	Áfangar, námsþættir	2022	Hafið
A2.2	Erlent samstarf	2022	Í gangi
A2.3	Unesco viðburðir í tengslum við alþjóðadaga Sameinuðu þjóðanna	2022	Í gangi

Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2022
A3	Tryggja aðgang nemenda að fyrirmyndarstoðþjónustu óháð búsetu	4.7	Fjöldi viðtala skráð í rafræna stoðþjónustu	Skrá yfir fjölda viðtala	???	Tala liggur ekki fyrir
			Fjöldi nemenda í námsþjónustu iðjubjálfa	Skrá yfir fjölda nema í þjónustu	10	20 Tókst

Tengist markmiði málaflokks

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Staða 2021
A3.1	Stafræn viðtöl	2021	Tókst
A3.2	Þjónusta iðjubjálfa við nemendur	2021	Í gangi

Sett voru fram 3 markmið vegna **rekstrarþátta**.

B Rekstrarþættir					
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir					
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið 2022	Staðan 2022
B1	Aukin skilvirkni	Hlutfall rafrænna funda	Fundarboð	90%	Tókst
		Hlutfall af rafrænt undirrituðum skjölum	Rafrænar undirritanir	75%	Tókst
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf
B1.1	Gerður samningur við Signet um rafrænar undirritanir, innleiðing hafin				2021
B1.2	Rafrænar fundir, fólk ferðist ekki vegna funda				2020

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið 2022	Staðan 2022
B2	Aukin starfsánægja	Mannauðsmælingar, (aðbúnaður, samráð, lýðræði)	HR Monitor kannanir	75%	Tókst
		Hlutfall starfsmanna sem sækir símenntun	Símenntunarskrá	95%	Tókst
		Meðaltímafjöldi símenntunar starfsmanna á ári.	Símenntunarskrá	45 tímar	Tókst
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf
B2.1	Góður aðbúnaður, samráð og lýðræðisleg stjórnun				2022
B2.2	Auðvelda símenntun, fá námskeið og fræðslu, sækja um Evrópustyrki, gera kleift að sækja námskeið				2020
B2.3					
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2022
B3	Draga úr umhverfisáhrifum	Draga úr óvistvænum ferðum til og frá vinnu um 20%	Grænt bókhald	-	10% Tókst (30%)
		Minnka hlutfall almenns úrgangs þannig að það fari ekki yfir 20%	Umhverfisskýrsla og/eða magntölur frá Íslensku gámaþjónustunni	51%	25% varð 36%
		Fjöldi aðgerða til að stuðla að hringrásarhagkerfi	Skýrsla	1	2 Tókst
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf
B3.1	Könnun um ferðavenjur starfsmanna. Fræðsla um vistvænan akstur.				2021
B3.2	Aukin áhersla á flokkun úrgangs				2021
B3.3	Setja upp skiptibakka fyrir hluti sem fólk notar ekki, fataskiptaslá				2021

Áhersluverkefni, framvinda og ávinningur

Í skólasamningi fyrir tímabilið 2015-2019 kom fram að skólinn leggur áherslu á að nemendur og starfsmenn sýni frumkvæði í störfum sínum, séu skapandi í starfi og sýni áráði með því að ganga ekki einungis troðnar slóðir heldur útfæri verk sín á annan hátt en hefðbundið telst. Að þessum markmiðum hefur verið unnið frá upphafi. Að sjálfsögðu eru þetta langtímamarkmið um leið og hvert skref að þeim birtist sem skammtímamarkmið. Þrátt fyrir að skólasamningurinn sé útrunninn er unnið að þessum markmiðum áfram og í skólanum fer fram blómlegt starf í listum og sköpun og á hverri önn sýna nemendur verk sín í skólanum og úti í samfélaginu.

Skólinn hefur einnig sóst eftir samstarfi við ýmsa aðila úti í samfélaginu með það í huga að koma á góðum tengslum skólans og samfélagsins. Það markmið hefur náðst og er ástæða til að fylgja því eftir. Þá er skólinn nú þátttakandi í erlendum samstarfsverkefnum (sjá yfirlit í kafla um samstarf).

Stefna og markmið skólans eru reglulega til umfjöllunar í hópi starfsmanna og hjá skólanefnd. Stefnuskjöl ríkisaðila lögð fyrir til kynningar og umræðu. Þá eru kennsluaðferðir og námsmatsleiðir reglulega til umræðu og lögð áhersla á að vera vakandi fyrir nýjungum og möguleikum á því sviði.

Námskrá framhaldsskóla býður upp á möguleika á fjölbreyttu skólastarfi í samstarfi við aðra. Lögð er áhersla á nærsamfélagið, frumkvæði, sköpun og áræði, þróun hæfni hjá starfsfólki og gera nemendum kleift að vinna að viðfangsefnum í samfélagi við aðra. Skólinn vill hafa áhrif á nærumhverfi skólans á skapandi hátt og eiga samstarf við fyrirtæki og félagasamtök. Þetta hefur gengið eftir og á skólinn gott samstarf við fyrirtæki og félagasamtök í Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð og á Akureyri t.d. vinnustaðanám starfsbrautarnema og styttri námskeið í miðannarviku.

Á árinu var einnig lögð áhersla á erlend samstarfsverkefni líkt og áður og er það starf aftur komið í eðlilegan farveg í kjölfar heimsfaraldurs.

Samstarfsaðili	Verkefni
Aizpute Couty Secondary School, Lettlandi LT-Klaipeda Adult Gymnasium, Litháen	My student's keeper, Nordplus Adult
Desenvolvimento Ensino e Fomacao Profissiona Lda, Portúgal Istitutio d'istruzione Superieore Patini Liberatore, Ítalíu IES TÍAS, Spáni	Let's eat culture, Erasmus+ nemendaskiptaverkefni
Endurmenntun kennara erlendis (Grikkland, Finnland, Spánn, Ítalía, Kýpur)	Towards continuous professional development
Samland	Samstarf fámennra skóla í dreifbýli
Grunnskóli Fjallabyggðar Dalvíkurskóli, Lundarskóli, Þelamerkurskóli	Nám fyrir 10. bekinga sem lokið hafa námsmarkmiðum grunnskóla.
Kaffi Klara Art	Miðlun lista og menningar milli erlendra listamanna á vegum Kaffi Klöru Art og starfsmanna skólans.
Knattspyrnufélag Fjallabyggðar	Knattspyrnuakademía
Listaháskóli Íslands, Reykjavík	Samstarf um listkennslu nema í Lí í MTR
Ljóðasetur Íslands	Menningarmiðlun og nám
Norðlenskir skólar (SamNor)	Samstarfssamningur um nám, skipulag, stoðþjónustu, stjórnsýslu, sveigjanleg skólaskil, raunfærnimat og fleira.
Obchodni akademie a Vyssi odborna skola, Tékklandi Saldus vidusskola, Lettlandi 2nd Lykeo of Kalamata, Grikklandi	U2 have a voice, Erasmus+ nemendaskiptaverkefni nemendalýðræði
Pálshús	Menningarmiðlun og nám
Samnor	Samstarf við norðlenska framhaldsskóla, FSH, Lauga, MA og VMA.
Síldarminjasafnið, Siglufirði	Menningarmiðlun og nám

Skiltagerð Norðurlands, Ólafsfirði	ArtFabLab samnýting á tækjum og þekkingu.
Skíðasamband Íslands	Nám fyrir afreksfólk í skíða- og brettakeppendum.
Tónlistarskólinn á Tröllaskaga	Miðlun milli stofnana um tónlistarkennslu og búnað
Universität für Weiterbildung Krems (Austurríki), University of Macedonia (Grikklandi), Karlsruher Institut für Technologie (Þýskalandi), Menntaskólinn á Tröllaskaga, B&P Emerging Technologies Consultancy Lab ltd. (Möltu), SMC Verdala (Möltu), Háskólinn á Akureyri	TRINE - Telepresence Robots in Education
Ventspils Secondary School, Lettlandi EE-Keskinna Vene Gymnasium, Eistlandi	Digital routes for intelligent learning. Nordplus Junior, nemendaskiptaverkefni
IEC Group Beata Mirecka-Jakubowska	Implementation of the Project “Connected Learning - implementing international and intercultural online student collaboration focused on 21st century skills”
Copenhagen VUC - adult education (Danmörku), Símenntunarstöðin á Vesturlandi (Íslandi), KSL Study Centre (Finnlandi), Upplands-bro vuxenutbildning (Svíþjóð)	Nordplus - Citizenship in adult education
V. gimnazija Vladimir Nazor (Króatía), Agrupamento de Escolas da Boa Água (Portúgal), IES Severo Ochoa (Spáni)	Becoming a Biomaker school

Fjármál, rekstur

Rekstur skólans á árinu 2022 var í góðum farvegi líkt og áður. Áætlun stóðst en ársreikningur liggur ekki fyrir.